

**1018. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 28. maí 2018 og
hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir formaður, Kristján Andri Guðjónsson aðalmaður, Daníel Jakobsson aðalmaður og Marzellius Sveinbjörnsson áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða - 2017110020

Lagður fram tölvupóstur Magneu Garðarsdóttur f.h. Vestfjarðastofu, dagsettur 4. maí sl., þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið fjalli um og samþykki Áfangastaðaáætlun Vestfjarða.

Fulltrúar Markaðsstofu Vestfjarða sem unnið hafa Áfangastaðaáætlun Vestfjarða mæta til fundarins.

Bæjarráð vísar áfangastaðaáætluninni til umræðu í öllum nefndum sveitarfélagsins og hvetur til þess að Hornstrandastofu verði bætt við í aðgerðaráætlun.

Gestir

Díana Jóhannsdóttir - 08:13

Magnea Garðarsdóttir - 08:13

Díana og Magnea yfirgefa fundinn kl. 8:31.

2. Aðalgata og Eyrargata Suðureyri, skilavegir - 2017050064

Lagður fram óundirritaður samningur milli Vegagerðarinnar og Ísafjarðarbæjar um yfirfærslu þjóðvega í þéttbýli á Suðureyri, einnig minnisblað Brynjars Þórs Jónassonar, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar, dagsett 25. maí 2018, þar sem lagt er til að bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykki samninginn.

Bæjarráð leggur til við nýja bæjarstjórn að samningurinn verði samþykktur.

3. Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri - 2018050083

Lagt fram bréf Aðalsteins Þorsteinssonar, forstjóra Byggðastofnunar, dagsett 22.

maí sl., sem barst, ásamt fylgiskjölum, með tölvupósti sama dag, þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna aflamarks Byggðastofnunar á Flateyri.

Bæjarráð óskar eftir fundi með fulltrúum Byggðastofnunar um aflamark Byggðastofnunar.

4. Aflamark Byggðastofnunar á Þingeyri - 2018050086

Lagt fram bréf Aðalsteins Þorsteinssonar, forstjóra Byggðastofnunar, dagsett 25. maí sl., sem barst, ásamt fylgiskjölum, með tölvupósti sama dag, þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna aflamarks Byggðastofnunar á Þingeyri.

Bæjarráð óskar eftir fundi með fulltrúum Byggðastofnunar um aflamark Byggðastofnunar.

5. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagt fram minnisblað Margrétar Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dagsett 16. maí sl., þar sem óskað er eftir breytingum á fjárhagsáætlun skíðasvæðis.

Lagt er til að gerður verði viðauki vegna málsins. Þannig að viðhald verði lækkað um kr. 6.500.000,- á skíðasvæðinu og að fjárfest verði í snjósleða og fjórhjóli á brettum að fjárhæð kr. 5.737.050,-. Lagt er til að viðaukanum verði mætt með annars vegar hækkun á ófyrirséðum kostnaði í rekstrarreikningi og lækkun á ófyrirséðum fjárfestingum í framkvæmdaáætlun um sömu fjárhæðir. Áhrif þessa viðauka á rekstrarniðurstöðu og framkvæmdaáætlun Ísafjarðarbæjar verður því kr. 0,-.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa viðauka vegna málsins og leggur til við nýja bæjarstjórn að samþykkja viðaukann.

6. Stúdíó Dan ehf. - framlenging húsaleigusamnings - 2017050073

Kynnt drög að framlengingu á húsaleigusamningi um Hafnarstræti 20, Ísafirði, vegna reksturs Stúdíó Dan ehf.

Bæjarráð leggur til við nýja bæjarstjórn að samþykkja framlengingu húsaleigusamningsins.

7. Vestfjarðavegur og Bíldudalsvegur - drög að tillögu að matsáætlun - 2017070028

Lagður fram tölvupóstur Helgu Aðalgeirsdóttur, f.h. Vegagerðarinnar, dagsettur 15. maí sl., vegna tillögu að matsáætlun vegna framkvæmda um Vestfjarðaveg um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg. Vegagerðin býðst til að kynna framkvæmdina á kynningartíma matsáætlunarinnar, ef óskað verður eftir því, og mun kynningin líklega fara fram í vikunni 11. - 15. júní.

Bæjarráð þakkar boð um kynningu á matsáætluninni og leggur til að fundurinn verði 11. júní n.k. þar sem áætlað er að fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar verði 12. júní n.k.

8. Hlaupahátíð á Vestfjörðum - 2012070021

Lagt fram bréf Guðbjargar Rósar Sigurðardóttur, f.h. Hlaupahátíðar á Vestfjörðum, dagsett 13. maí sl., og barst með tölvupósti sama dag. Óskað er eftir að stuðningi Ísafjarðarbæjar við hátíðina, með sama sniði og undanfarin ár. Þ.e. lengdum opnunartíma Sundhallar 13. júlí, fjárframlagi að upphæð kr. 75.000,- og vinnuframlagi áhaldahúss við að koma fánastöngum fyrir á völdum stöðum.

Bæjarráð samþykkir framkomna beiðni um styrk til Hlaupahátíðar á Vestfjörðum.

9. Barnasýningar í boði Þjóðleikhússins - 2016060097

Lagður fram tölvupóstur Hildar M. Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Brúðuheima ehf., dagsettur 20. maí sl., vegna sýninga Bernd Ogrodnik, brúðulíamanns, á Ísafirði í september nk.

Bæjarráð felur bæjarritara að kanna kostnað og annað við að verða við beiðninni.

10. Uppbyggingasamningar við íþróttafélög 2017-2018 - 2017020028

Lögð fram til samþykktar, drög að uppbyggingarsamningi við Hestamannafélagið Hendingu.

Bæjarráð vísar framlögðum uppbyggingasamningi til afgreiðslu í nýrri bæjarstjórn.

11. 100 ára fullveldisafmæli - 2017050085

Lagt fram bréf Ragnheiðar Jónu Ingimarsdóttur, framkvæmdastjóra afmælisnefndar, dagsett í maí 2018, með ýmsum upplýsingum varðandi aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands.

Bæjarráð felur bæjarritara að kanna með möguleikana á fögnuði í tengslum við aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands í samráði við forstöðumann Safnahússins.

12. Fyrirspurn um framgang tveggja mála - 2018040022

Lagt fram minnisblað Gísla H. Halldórssonar, bæjarstjóra, dags. 13. apríl 2018, auk tölvupósts Rögnvaldar Harðarsonar, f.h. Þjóðskrár Íslands, dags. 2. maí 2018.

Lagt fram til kynningar.

13. Landskerfi bókasafna 2016-2018 - 2016040053

Lagt fram bréf Sveinbjargar Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna, dagsett 9. maí sl., þar sem boðað er til aðalfundar 30. maí nk.

Lagt fram til kynningar.

14. Fræðslunefnd - 392 - 1805020F

Fundargerð 392. fundar fræðslunefndar, sem haldinn var 24. maí sl. Fundargerðin

er í 8 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

15. Íþrótt- og tómstundanefnd - 185 - 1805014F

Fundargerð 185. fundar íþrótt- og tómstundanefndar, sem haldinn var 16. maí sl. Fundargerðin er í 4 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

15.2 2018030083 - Fjárhagsáætlun 2019

Nefndin leggur til að gjaldskrá á skíðasvæðinu verði samræmd á göngu- og alpasvæði. Þá leggur nefndin til að gjaldskrá sundstaða verði skoðuð sérstaklega með það í huga að hækka staka miða og leigu á handklæðum og sundfötum.

16. Nefnd um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu - 8 - 1805022F

Fundargerð 8. fundar nefndar um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu, sem haldinn var 23. maí sl. Fundargerðin er í 1 lið.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

17. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 499 - 1805012F

Fundargerð 499. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 23. maí sl. Fundargerðin er í 7 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

17.2 2018050005 - Hnífsdalsvegur 13 - Umsókn um stækkun lóðar

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila stækkun lóðar skv. lóðablaði frá Tæknideild Ísafjarðarbæjar, dags. 22.maí 2018.

17.3 2018050044 - Skeiði 10 - Umsókn um lóð

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að G.E. Vinnuvélar, fái lóð inn á Skeiði 10 með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

Fyrri lóðarúthlutun við Skeiði 16 er felld úr gildi og verður lóðin auglýst að nýju.

17.4 2018010124 - Vallargata, Þingeyri - Fyrirspurn um lóð

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar.
Nefndin leggur til að stofnun lóðar verði grenndarkynnt fyrir íbúum við Vallargötu 33 og Aðalstræti 55, 57

17.5 2018050049 - Deiliskipulag - Eyrarskjól

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila deiliskipulagsvinnu.

17.7 2018050059 - Tilkynning um framkvæmd í C flokk - Ljósleiðaralagning Dýrafjörður

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila. Niðurstaða nefndarinnar er að strenglagning ljósleiðara í Dýrafirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að staðfesta þá niðurstöðu.

18. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 66 - 1805003F

Fundargerð 66. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar, sem haldinn var 22. maí sl. Fundargerðin er í 3 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

19. Velferðarnefnd - 428 - 1805013F

Fundargerð 428. fundar velferðarnefndar, sem haldinn var 15. maí sl. Fundargerðin er í 3 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

20. Öldungaráð - 9 - 1805016F

Fundargerð 9. fundar öldungaráðs, sem haldinn var 16. maí sl. Fundargerðin er í 3 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:06

Arna Lára Jónsdóttir

Kristján Andri Guðjónsson

Daníel Jakobsson

Marzellíus Sveinbjörnsson

Gísli Halldór Halldórsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir